

# Aðalfundur Ungmennafélags Selfoss

## haldinn í Tíbrá 27. apríl 2023

### Fundargerð

1. Formaður félagsins Helgi Sigurður Haraldsson setti fundinn stundvíslega kl. 20:00 og bauð fundarfólk velkomid. Boðað var til fundarins með tveggja vikna fyrirvara eins og kveðið er á um í lögum félagsins.
2. Fundarstjóri var kosinn Gissur Jónsson og Helgi Haraldsson til vara og tóku þeir þegar til starfa. Gissur þakkaði traustið.
3. Fundarritari var kosinn Svanur Ingvarsson og Sigríður Anna Guðjónsdóttir til vara.
4. Í þriggja manna kjörbrefanefnd voru kosin: Fannar Karvel Steindórsson formaður, Sigrún Ýr Magnúsdóttir og Guðmundur Pálsson.
5. Fundargerð síðasta aðalfundar var lögð fram í áður sendum gögnum fundarins. Hún var samþykkt samhljóða, eftir afgreiðslu reikninga í níunda dagskrárlið.
6. Helgi Haraldsson formaður Umf. Selfoss flutti ársskýrslu félagsins fyrir árið 2022. Stiklaði á nokkrum helstu atriðum. Starf félagsins komst loksins eðlilegt horf í mars, eftir covid, samt ekki orðið eins og fyrr. Minni aðsókn og erfiðara að fá sjálfbodaliða. Skrifaði grein vegna sjálfbodaliða. Mun ekki ganga að greiða fyrir hefðbundin sjálfbodaliðastörf með tilheyrandi hækkunum þátttökugjalda, æfingagjalda o.þ.h. Vinna að því að ná almenningi og fleirum sem líta á félagið sem sitt félag. Ársreikningar sýna erfiðan rekstur eftir covid. Minni tekjur en hefur á tilfinningunni að fyrirtæki séu að rétta úr kútnum og því auðveldara að sækja styrki/auglýsingar. Framkvæmdastjóri í veikindaleyfi, því þurfti afleysingu sem Björgvin Jóhannesson sinnti, sem fylgdi aukinn kostnaður. Helgi tók því að sér framkvæmdasýslu á kvöldin, með hjálp bókara félagsins. Í stað þess að ráða nýjan þegar afleysingum lauk. Ýmislegt þarf að gera. Allar deildir fá endurnýjun sem fyrirmyndafélag/deild frá ÍSÍ, utan rafípróttu sem eru ný deild. Sveitarfélagið styður fjárhagslega við fyrirmyndardeildir. Samningur við sveitarfélagið var í upphafi árs endurnýjaður til eins árs, verður endurskoðaður vel á þessu ári og vonandi samið til fimm ára. Áður slógust deildir um styrki frá sveitarfélaginu. Man það er Sigurður Jónsson var formaður að ákveðið var að gera þetta saman. Betri árangur með því að vinna saman. Vinna þannig áfram varðandi uppbyggingu og annað. Sagðist í upphafi ætla að vera harður varðandi skil, stóð við það og ætlar að halda því áfram. Annað vanvirðing við aðra.

Að lokum minntist Helgi, Hafsteins Más Matthíassonar, fundarmenn risu úr sætum.

Gissur notaði tækifærið og þakkaði fyrir stuðning í veikindum, er í endurhæfingu á Reykjalandi.

7. Helgi, formaður Umf. Selfoss (framkvæmdastjóri í hjáverkum), fór yfir helstu tölur í ársreikningi félagsins. Tap að hluta vegna tvöfalds launakostnaðar o.fl. Reikningarnir voru samþykktir samhljóða, eftir umræður um skýrslu og reikninga í 9. dagskrárlið. Betri tíð framundan.  
Gissur gerði grein fyrir því að samtölum í reikningum félagsins eins og þeir eru lagðir fram á að aðalfundi ber ekki saman við tölur eins og þær birtast í samstæðureikningi í Braga.
8. Formaður kjörbrefanefndar, Fannar Karvel, gerði snaggaralega grein fyrir kjörbrefum. Mjög góð mæting var eða 43 úr níu deildum og framkvæmdastjórn. Samþykkt samhljóða.
9. Umræður um skýrslu formanns og ársreikninga félagsins.  
Þórir Haraldsson, formaður handknattleiksdeildar, þakkaði gott starf. Mjög erfitt rekstrarlega sem og að fá fólk til starfa. Minni tekjur núna og áhyggjuefni ef ekki endurnýjast í sjálfböðastarfið. Slæm þróun ef á að borga fyrir öll störf. Þakkaði aðalstjórn stuðning, ekki styrkir frá ríkinu, covid kom verulega niður á miðasölu. Íþróttahreyfingin þ.e. forystan þögul varðandi að herja á ríkisvaldið. Það mun takast að leysa þetta verkefni. Hvetur félagið til að vinna saman, þakkar aftur fyrir stuðning og óskaði félaginu alls hins besta.  
Reikningar samþykktir samhljóða
10. Ávörp gesta.  
Olga Bjarnadóttir fulltrúi Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands (ÍSí). Bar kveðju frá ÍSí og minnti á íþróttahættu eftir viku. Þakkaði fyrir glæsilega skýrslu, starf og aðstöðu. Bragi, ársrit félagsins er frábær, tilhlökkun að lesa hann á vorin og myndirnar segja söguna. Tekur undir að rekstur er erfiður núna. 1,6 milljarða styrkur frá ríkinu dreifðist víða. Félagið í góðum höndum, mun rétta úr kútnum. Fyrirmyndarfélag/deild ÍSí er gæðastimpill. Mikil viðurkenning og leiðarljós þess að allir rói í sömu átt. Sjálfböðaliðinn mikilvægur. Félagið gerir kröfu til sjálf síns. Handbækurnar mikilvægar og mikil vinna við gerð þeirra, mikilvægt að nota og bæta í þær. Verði þannig tilbúna eftir fimm ár þegar sækja þarf um aftur. Afhenti öllum deildum félagsins staðfestingu á að þær geti kallað sig fyrirmyndardeild.
11. Formaður félagsins gerði grein fyrir tillögum sem lágu fyrir fundinum.

### **Tillaga 1**

*Aðalfundur Umf. Selfoss, haldinn í Tíbrá 27. apríl 2023, þakkar:*

- þeim sem stutt hafa starf félagsins á árinu meðal annars með þátttöku í starfinu og setu í stjórnnum, ráðum og nefndum.
- stuðningsaðilum, fyrirtækjum, þjálfurum, iðkendum, foreldrum, sjálfböðaliðum og öðrum sem unnið hafa að framgangi félagsins.
- Sveitarfélaginu Árborg fyrir veittan stuðning við starfsemi félagsins.

### **Tillaga 2**

*Aðalfundur Umf. Selfoss, haldinn í Tíbrá 27. apríl 2023, samþykkir að árgjald félagsins fyrir árið 2023 verði kr. 3.000. Skráning í félagið skal vera aðgengileg í gegnum vefsíðu Umf. Selfoss.*

### Tillaga 3

Aðalfundur Umf. Selfoss, haldinn í Tíbrá 27. apríl 2023, lýsir ánægju sinni með það góða samstarf sem félagið á við Sveitarfélagið Árborg en þjónustusamningur aðila er grunnstoðin að faglegu starfi félagsins. Með samningnum er styrkum fótum skotið undir metnaðarfullt starf Umf. Selfoss. Sem fyrr er ljóst að rekstur meistaraflokka á Selfossi er afar viðkvæmur og því mikilvægt að sveitarfélagið í samvinnu við ungmennafélagið móti skýra framtíðarsýn um vöxt og viðgang meistaraflokka þar sem brugðið getur til beggja vona á stuttum tíma ef ekki er tryggt nægjanlegt fjármagn til grunnreksturs.

### Tillaga 4

Aðalfundur Umf. Selfoss, haldinn í Tíbrá 27. apríl 2023, hvetur til þess að áfram verði haldið við að bæta íþróttaaðstöðu á Selfossi enda búa margar deildir félagsins að einhverju leyti við þröngan kost þegar kemur að æfingum og/eða keppni. Afar mikilvægt er að halda ótraud áfram við framkvæmdir við íþróttamannvirki á Selfossi og mun Ungmennafélag Selfoss hér eftir, sem hingað til styðja við allar metnaðarfullar hugmyndir sveitarfélagsins í þá átt.

### Tillaga 5

Aðalfundur Umf. Selfoss, haldinn í Tíbrá 27. apríl 2023, hvetur sem flesta til að taka þátt í sjálfboðaliðastarfi, á einn eða annan hátt, hvort heldur er með þátttöku í stjórnnum, vinnu á mótum eða hverju öðru starfi deilda félagsins. Þátttaka sjálfboðaliða er undirstaða þess að starf félagsins gangi áfram eins vel og verið hefur hingað til.

Helgi Haraldsson bendir á að tillaga 2 sé þarna vegna 16. greinar í lögum félagsins. Undanfarin ár hefur félagatali ekki verið viðhaldið, þannig eru sumar deildir ekki með félagatal. Hann mun á næstunni senda út orðsendingu og óska eftir félagatali. Það getur skipt máli að halda félagatal. Iðkendur, foreldrar og stjórnarfólk geta verið félagar. Mikilvægt að vinna áfram að öflun félaga

#### 12. Verðlaunaafhending.

Formaður afhenti verðlaun

- **Björns Blöndals bikarinn** hlaut Jósep Geir Guðmundsson. Formaður handknattleiksdeildar tók við viðurkenningunni fyrir hönd Jóseps Geirs. Sagði jafnframt frá því að Jósep Geir kom til deildarinnar árið 2012 og bauð fram krafta sína. Hann er liðstjóri hjá meistaraflokki karla í dag.
- **UMFÍ bikarinn**, deild ársins var frjálsíþróttadeildin sem hélt kastmótið „Selfoss Classic“ með glæsibrag sumarið 2022. Var það jafnframt valið sem frjálsíþróttaviðburður ársins á lokahófi FRÍ.
- **Silfurmerki félagsins fengu:**  
Guðmundur Karl Sigurdórsson fyrir myndatöku, ómetanlega heimildasöfnun, fréttaflutningur af starfi félagsins og setu í ritnefnd Braga.  
Einar Sindri Ólafsson fyrir óeigingjarnt starf í þágu handknattleiksdeildar og setu í ritnefnd Braga  
Örn Guðnason fyrrverandi framkvæmdastjóri félagsins, alltaf tilbúinn að leggja hönd á plóg og setu í ritnefnd Braga. Hann heldur utan um að setja blaðið upp.  
Aðalbjörg Skúladóttir fyrrverandi bókari fyrir störf í þágu félagsins.  
Viktor S Pálsson fyrrverandi ritari og formaður fyrir störf í þágu félagsins félagsins  
Hjalti Þorvarðarson fyrrverandi ritari og gjaldkeri, ásamt setur í vallarstjórn fyrir störf í þágu félagsins.

**Gullmerki félagsins** (afhent við næsta tækifæri):

Jón Birgir Guðmundsson óbilandi áhuga og drifkraftur fyrir handknattleiksdeild. Var fjarverandi vegna verkefna með landsliðinu í handbolta.

Gissur bætti við að Þóra Þórarinsdóttir sæti einnig í ritnefnd Braga en hún hefur þegar verið sæmd silfurmerki Umf. Selfoss.

Kaffihlé og myndataka verðlaunahafa.

Glæsilegar veitingar að venju í umsjá sunddeildar félagsins. Kaffihlé frá kl. 21:25-21:54.

13. Umræður og afgreiðsla tillagna.  
Guðmundur Karl, þakkaði þann heiður að fá silfurmerkið. Lagði til að bæta við „sjálfboðaliðum“ í tillögu 1.  
Allar tillögur sem lágu fyrir fundinum voru samþykktar samhljóða með breytingu Guðmundar Karls og er það fært til bókar fyrir í fundargerðinni.
14. Lagabreytingar.  
Engar lagabreytingar lágu fyrir fundinum.
15. Fjárhagsáætlun aðalstjórnar.  
Formaður gerði grein fyrir henni. Áætlaður afgangur er um 4 milljónir, sem er mikill viðsnúningur frá fyrra ári.  
Fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 var samþykkt samhljóða, án umræðu.
16. Árgjöld félagsins og deilda.  
Afgreitt undir lið 13, umræður og afgreiðsla tillagna.
17. Stjórnarkjör.
  - a) Formaður til eins árs var kosinn: Helgi Haraldsson.
  - b) Gjaldkeri til tveggja ára var kosin, í fyrra: Brynhildur Jónsdóttir.
  - c) Ritari til tveggja ára var kosinn: Sverrir Einarsson.
  - d) Meðstjórnandi til tveggja ára var kosinn Hafsteinn Guðmundsson. Í fyrra var Hermann Ólafsson kosinn til tveggja ára.
  - e) Tveir skoðunarmenn reikninga voru kosnar: Kristín Traustadóttir og Sigrún Helga Einaradóttir. Til vara voru kosnir: Snorri Sigurfinnsson og Ólafur Ragnarsson.
  - f) Í jólasveina- og þrettándanefnd voru kosnir: Svanur, Þröstur og Guðmundur Kr. Ingvarssynir og Þórarinn Ingólfsson.
18. Önnur mál.  
Helgi þakkaði góða fundarsetu. Sagði m.a. að við ættum að horfa fram á veginn og gætum stolt sótt um stuðning, ekki styrk, til sveitarfélagsins.

Fundarstjóri sleit fundi kl. 22:13.